



Rannsóknarmiðstöð  
um stjórnarhætti

## Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

### Umsögn um stjórnarhætti: Íslandspóstur ohf.

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Nasdaq OMX Iceland hf. og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hafa tekið höndum saman um að efla eftirfylgni íslenskra fyrirtækja hvað varðar góða stjórnarhætti. Í þeim tilgangi er fyrirtækjum veitt tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur það mat með höndum. Söfnun gagna fer fram hjá ráðgjöfum eða öðrum aðilum sem Rannsóknarmiðstöðin telur hæfa til verksins. Rannsóknarmiðstöðin byggir mat sitt í meginatriðum á því hvort gögnin gefi til kynna að viðkomandi fyrirtæki fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. gefa út. Þau fyrirtæki sem standast matið á framangreindum forsendum er veitt nafnbótin **Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum** (e. Excellence in corporate governance) sem þeim er að öllu jöfnu heimilt að nota í starfi sínu í eitt ár frá veitingu hennar. Þessi viðurkenning er fyrst og fremst veitt til þess að ýta undir umræður og aðgerðir sem efla góða stjórnarhætti. Markmiðið er að matsferlið auki trúverðugleika og gagnsæi stjórnarháttanna fyrirtækja gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur ákveðið að fyrirtækið Íslandspóstur ohf. fái viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Meðfylgjandi umsögn er byggð á úttekt á stjórnarháttum sem unnin var af endurskoðendafyrirtækinu KPMG ehf. í ágúst 2012.

Niðurstaða úttektar KPMG ehf. á stjórnarháttum Íslandspóst ohf. gefur skýra mynd af stjórnarháttum fyrirtækisins og bendir til þess að fyrirtækið geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

*Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum og umsögn Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti:*

#### **Hlutverk stjórnar:**

*Til fyrirmyndar:* Hlutverk stjórnar er skilgreint í samþykktum fyrir Íslandspóst og starfsreglum stjórnar. Stjórnin hefur eftirlits- og stefnumótunarhlutverk. Verkefni stjórnar eru vel skilgreind: yfirferð reikninga, áætlun um rekstur komandi árs, áætlun um fjárfestingu komandi árs, markmiðsáætlun komandi árs, markmiðsáætlun þar næstu þriggja ára, mánaðarleg yfirferð rekstraryfirlits, ársfjórðungsleg yfirferð reikninga, tillögugerð um arðgreiðslustefnu, tillögugerð um kjarastefnu, starfsreglur, áhættustýring og mat á skuldsetningu.

*Hvað má betur fara:* Skilgreina mætti hlutverk stjórnar og stjórnarformanns betur. Formleg umræða þarf að eiga sér stað innan stjórnar um hvert hlutverk hennar eigi að vera. Félagið hefur ekki skilgreint hvað eru „óvenjulegar“ eða „mikilsháttar“ ákvarðanir sem þurfa að fara fyrir stjórn. Einnig er mikilvægt að eigendur Íslandspósts ohf. samþykki eigendastefnu sem skilgreini hlutverk stjórnar, ábyrgð og sjálfstæði. Slík eigendastefna tekur jafnframt til hvernig stjórnarmenn eru valdir.



## Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti

### Verkefni stjórnar:

*Til fyrirmyndar:* Verkefni stjórnar eru ágætlega skilgreind. Verkefni stjórnar eru í samræmi við hlutverk og starfsreglur stjórnar. Haldinn er stefnumótunarfundur einu sinni á ári.

*Hvað má betur fara:* Stjórnin hefur ekki metið störf sín formlega með tilliti til þess hlutverks og þeirra verkefna sem hún hefur. Endurmat eflir stjórnarhætti og ætti að vera aðgengilegt eigendum félagsins. Stjórn mætti fara meira reglubundið yfir áhættuþætti í rekstrinum. Í ljósi fjölda kærumála sem varða samkeppnismál þá ætti það að vera verkefni stjórnar að fara reglulega yfir samkeppnismál og tengd mál.

### Skipulag stjórnar:

*Til fyrirmyndar:* Stjórnin er virk miðað fjölda og lengd funda (12 stjórnarfundur á ári og 2 klst að jafnaði hver fundur).

*Hvað má betur fara:* Skoða þarf upplýsingagjöf til stjórnar, hvaða gögn hún þarf að fá og hvort að þörf sé fyrir upplýsingar sem koma frá óháðum útektaraðilum. Fundarmenn fá fundargögn á fundum en æskilegt væri að fundargögn bærust þeim þremur dögum fyrir stjórnarfundum.

### Starfshættir stjórnar:

*Til fyrirmyndar:* Stjórnin kannar reglulega hvort hún vinni samkvæmt starfsreglum. Félagið hefur sett sér siðareglur, jafnréttisáætlun og tekur þátt í verkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna, Global Compact verkefninu, þar sem félagið skuldbindur sig til þess að vinna í samræmi við tíu alþjóðlega viðurkennd grundvallarréttindi.

### Stjórnarmenn:

*Til fyrirmyndar:* Stjórnarmenn virðast hæfir til þess að sitja í stjórn félagsins. Stjórn félagsins skipa: Guðmundur Oddsson, formaður, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Ellert Kristinsson, Jón Ingi Cæsarsson og Petrína Baldursdóttir. 40% stjórnarmanna eru konur og 60% þeirra eru karlmenn. Stjórnarmenn eru ekki talsmenn pólitískra flokka þó að skipun þeirra komi úr ráðuneyti.

*Hvað má betur fara:* Meðalaldur stjórnarmanna er hár, 59,6 ár og allir stjórnarmenn eru á aldrinum 51 – 68 ára.

Með úttekt þessari er reynt eftir fremsta megni að leggja mat á hvort umrætt fyrirtæki fylgi áður nefndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti, byggt á þeim gögnum sem aflað er. Úttektin felur því ekki í sér endanlega staðfestingu á að allir þættir í stjórnun og rekstri fyrirtækjanna standist lög, reglugerðir, alþjóðleg viðmið eða tilmæli opinberra aðila. Úttektin ætti eigi að síður að veita hagsmunaaðilum mikilvæga innsýn í hvernig stjórnir og stjórnendur fyrirtækjanna haga störfum sínum almennt.